

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, nr. 1106/2015.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. tölul. orðast svo: *Eftirspurn*: Heildarrúmmál af áfengi sem selt er á tilgreindu tímabili.
- b. 3. tölul. orðast svo: *Birgir*: Handhafi leyfis til að stunda heildsölu áfengis í atvinnuskyni samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, og starfsemi hans uppfyllir skilyrði laga um matvæli, nr. 93/1995.
- c. 4. tölul. orðast svo: *Vara*: Áfengi, smásöluumbúðir þess og eftir atvikum aukahlutur eða áhengi skv. 37. gr.

2. gr.

Í stað „vöruvali“ í 5. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur: vöruúrvali.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað „sýnishorn“ í 3. mgr. kemur: gögn.

4. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Árangursviðmið söluflokka og færsluákvæðanir.

Söluárangur vöru ákvarðast af eftirspurn hennar.

ÁTVR ákveður árangursviðmið vöruhópa innan söluflokka. Vörur innan sama vöruhóps skulu metnar með hliðsjón af skilgreindu viðmiði til að greina söluárangur innan þess hóps.

Árangursviðmið söluflokka skal birta á vefsvæði ÁTVR og endurskoða reglulega.

Eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári skal ÁTVR taka færsluákvæðanir á grundvelli árangursviðmiða skv. 2. mgr. og söluárangurs, sbr. skrá skv. 2. og 4. mgr. 16. gr. Færsluákvörðun getur falið í sér að vara helst áfram í söluflokki, vara er færð á milli söluflokka eða vara er felld úr söluflokki.

Vara sem fellur úr söluflokki skv. 4. mgr. án þess að uppfylla skilyrði um tilfærslu í annan sölu-flokk skal falla úr vöruúrvali ÁTVR og vörukaupasamningi sagt upp.

5. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skrá yfir söluárangur.

Á aðgangsstýrðu vefsvæði birgis á birgjavef skal ÁTVR birta mánaðarlega skrá yfir söluárangur þeirra vara sem viðkomandi birgir er handhafi vörukaupasamnings um.

ÁTVR skal birta mánaðarlega á vefsvæði sínu skrá yfir söluárangur allra vara í kjarna- og sérflokkum undangengna 12 mánuði.

ÁTVR skal birta á vefsvæði sínu skrá yfir söluárangur allra vara í tímabilsflokkum að liðnu hverju sölutímabili.

Að liðnu hverju reynslusölutímabili skal ÁTVR birta á vefsvæði sínu skrá yfir söluárangur allra vara sem boðnar voru til sölu á viðkomandi reynslusölutímabili.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „tilfærslu milli söluflokka frá því að viðmiðunum er náð“ í 3. mgr. kemur: færsluákvörðun.

- b. Í stað „nema hún uppfylli skilyrði sérflokks skv. 20. gr. reglugerðar þessarar“ í 4. mgr. kemur: og skal vörukaupasamningi sagt upp.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „tilfærslu milli söluflokka nema hún uppfylli skilyrði sérflokks sbr. 20. gr. reglugerðar þessarar“ í 3. mgr. kemur: færsluákvörðun og skal vörukaupasamningi sagt upp.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Vara sem fallið hefur úr kjarnaflokki er ekki gjaldgeng í reynslusölu á ný fyrr en 12 mánuðum eftir að hún fellur úr flokknum.

8. gr.

2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

9. gr.

2. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Vara sem nær ekki árangursviðmiðum sérflokks fellur úr vöruúrvali ÁTVR við næstu færsluákvörðun og skal vörukaupasamningi sagt upp.

10. gr.

4. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

11. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

ÁTVR ákveður og birtir á vefsvæði sínu samsetningu grunnvöruúrvals hvers stærðarflokks vínþúða á grundvelli markmiða íslenskrar áfengislöggjafar, áfengisstefnu stjórnvalda, fjölbreytni í vöruúrvali, eftirspurnar og væntinga viðskiptavina. Samsetning grunnvöruúrvals skal endurskoðuð eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári.

Grunnvöruúrval hvers stærðarflokks vínþúða skiptist í ákveðnum hlutföllum í vöruvalsdeildir eftir meginæinkennum vöru og hver vöruvalsdeild í vörudeildir eftir nánari einkennum vöru. Einkenni vöru geta t.d. lotið að hráefni, framleiðsluaðferð og -svæði, bragðeinkennum, umbúðagerð, lítramáli umbúða, söluverði, styrkleika vínanda miðað við rúmmál, viðurkenndri vottun o.fl.

Grunnvöruúrval hvers stærðarflokks vínþúða skal samanstanda af tilteknum lágmarksvöruþjöldum úr hverri tiltekinni vöruvals- og vörudeild.

12. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reglulega skal ÁTVR taka ákvarðanir um dreifingu vara í samræmi við ákvarðað vöruúrval. Ákvarðanir um dreifingu skal birta á vefsvæði ÁTVR, eftir atvikum í viðeigandi skrá um söluárangur skv. 16. gr.

Söluárangur samkvæmt gildandi skrá um söluárangur, sbr. 16. gr., skal ráða forgangi til dreifingar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu vörur í kjarnaflokki að jafnaði njóta forgangs um dreifingu umfram vörur í öðrum söluflokkum.

13. gr.

Í stað „eftirspurn“ í 2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar kemur: söluárangri.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

ÁTVR er heimilt að ákveða að vöruúrval tiltekinnar vínþúðar geymi ekki vörur úr tilteknum vöruhópi, þrátt fyrir ákvæði 24. gr., ef fyrir liggur að viðkomandi vöruhópur nýtur ekki eftirspurnar í viðkomandi vínþúð.

15. gr.

Á eftir „eftirspurnar“ í 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar kemur: eða væntinga.

16. gr.

Á eftir „matvæli“ í 29. gr. reglugerðarinnar kemur: laga nr. 130/2014, um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

17. gr.

Orðin „lágmarki 50 millilítrar og að“ í 33. gr. reglugerðarinnar falla brott.

18. gr.

35. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Á öllum umbúðum vöru skal vera EAN- eða UPC-strikamerki auk talnarunu sem strikamerkinu er ætlað að tákna.

Strikamerki hverrar vöru skal vera frábrugðið strikamerkjum annarra vara.

Strikamerki innri umbúða vöru skal vera frábrugðið strikamerki ytri umbúða viðkomandi vöru ef umbúðirnar geyma ólíkt innihald, t.d. hvað viðkemur magni (fjölpakkningar). Nú er vöru breytt, t.d. lagarmáli, og skal þá strikamerki breyttra umbúða vera frábrugðið strikamerki óbreyttra umbúða nema það sé bersýnilega óþarft.

19. gr.

43. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

ÁTVR skal viðhafa gæðaeftirlit með vörusafni sínu bæði reglubundið og þegar sérstakt tilefni er til.

20. gr.

3. mgr. 47. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Strikamerki, frábrugðið strikamerkjum vara skv. 35. gr., skal að jafnaði vera á flutningsumbúðum.

21. gr.

Við 48. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

ÁTVR hefur heimild til að fella vörukaupasamning úr gildi ef vara, sem boðin er til sérpöntunar skv. 21. gr., reynist ítrekað ófáanleg fyrir viðskiptavin ÁTVR vegna atvika sem birgir ber ábyrgð á.

22. gr.

Í stað „vöruvali“ í 1. og 2. másl. 3. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar kemur: vöruúrvali.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „á kostnað birgis“ falla brott.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Birgir skal sækja vörubirgðir í vöruhús ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík. Þó getur ÁTVR við sérstakar aðstæður samið við birgi um viðtöku vörubirgða á öðrum stað sem ÁTVR tilgreinir.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „í eigu ÁTVR“ falla brott.
- b. Í stað „stofnunarinnar“ kemur: ÁTVR.

25. gr.

Á eftir 52. gr. kemur ný grein, 52. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Reglur um nánari framkvæmd.

ÁTVR er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, þ. á m. um:

- a. tímabilsflokk, þar sem m.a. skal kveðið á um einstök sölutímabil, vöru fjölda, fjölbreytileika, dreifingu, innkaup og uppgjör,
- b. sérpantanir, þar sem m.a. skal kveðið á um vöruupplýsingar sem birgjum ber að láta í té, afgreiðslutíma vara, lágmarkspöntunarmagn, birgðastöðu og vörukönnun ÁTVR,
- c. aðra söluflokka, árangursviðmið, færsluákvæðanir, skrár yfir söluárangur, lágmarks- og/eða hámarkssölutíma þegar við á o.fl. skv. III. kafla,
- d. vöruúrval og dreifingu skv. IV. kafla.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 11. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 20. febrúar 2025.

F. h. fjármála- og efnahagsráðherra,

Helga Jónsdóttir.

Guðlaug María Valdemarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 21. febrúar 2025